

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunar- og dvalarrými.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

1. Hversu mörg hjúkrunarrými eru á Íslandi og hvernig hefur fjöldi þeirra þróast undanfarin 10 ár, skipt eftir kjördæmum?
2. Hversu mörg dvalarrými eru á Íslandi og hvernig hefur fjöldi þeirra þróast undanfarin 10 ár, skipt eftir kjördæmum?
3. Hversu mörg tvímenningsrými eru á Íslandi og hvernig hefur fjöldi þeirra þróast undanfarin 10 ár, skipt eftir kjördæmum?
4. Hver eru áform ráðherra um fjölgun hjúkrunarrýma á næstu árum, skipt eftir kjördæmum?
5. Hver eru áform ráðherra um fækkun tvímenningsrýma á næstu árum?

Skriflegt svar óskast.